



Ársskýrsla 2024-2025

Starfsáætlun Leikskólans Laugalandi 2025-2026

Formáli

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 vinna leikskólar eftir aðalnámskrá leikskóla. Samkvæmt henni vinnur hver og einn leikskóli upp sína skólanámskrá þar sem fram kemur á hvern hátt leikskólinn uppfyllir þau viðmið sem þar eru sett fram.

Leikskólar gera starfsáætlun þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers leikskóla. Áætlunin þarf að fá umsögn foreldraráðs áður en fræðsluráð tekur hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

Í starfsáætlun leikskólans skulu koma fram:

- Matsaðferðir leikskólans og umbótamiðuð áætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats.
- Áherslur í leikskólastarfinu sem ætlunin er að vinna að, markmið, leiðir að markmiðunum og áætlun um hvernig þau verða metin.
- Áherslur í starfsáætlun fræðsluviðs sem leikskólinn vinnur að.
- Starfsþróunaráætlun leikskólans og upplýsingar um starfsmannamál.
- Fjöldi barna, kynjahlutfall, fjöldi barna sem njóta sérkennslu og fjöldi barna af erlendum uppruna.
- Upplýsingar um foreldraráð, foreldrafundi og foreldraviðtöl.
- Umsögn foreldraráðs.
- Skóladagatal fyrir árið.

Inngangur

Í öllu starfi leikskólans er unnið eftir aðalnámskrá leikskóla og grunnþættir menntunar hafðir að leiðarljósi. Einnig er skólastefna Odda bs. höfð að leiðarljósi og koma fram í skýrslu þessari flestir þeir þættir sem meta skal. Nú er krefjandi skólaári að ljúka en það hafa verið margar áskoranir í vetur eins og svo oft áður og óvenju mikið um langtímaveikindi starfsmanna vegna aðgerða. Starfsfólk skólans hefur staðið sig mjög vel á þessu skólaári, sýnt mikla þrautseigju oft í krefjandi aðsæðum og leyst öll verkefni með góðri samvinnu og af mikilli yfirvegun. Hér á eftir er smá samantekt á því hvernig skólaárið gekk. Þá næst niðurstöður innra mats, þá koma upplýsingar um starfsmenn og samsetningu barnahópsins síðastliðið skólaár og hlutverk foreldraráðs. Að lokum eru settar fram áherslur næsta skólaárs og starfsáætlun fyrir skólaárið 2025-2026.

Skólaárið 2024-2025

Skólaárið fór vel af stað og allir fullir bjartsýni. Það var vel mannað og voru 39 börn hjá okkur í upphafi skólaárs með þeim börnum sem voru þá í aðlögun. Á skólaárinu bættust við 3 börn svo 1. maí voru nemendur orðnir 42 við skólann. Faglegt starf gekk vel og nokkuð vel gekk að fylgja starfsáætlun sérstaklega fyrri hluta skólaársins ásamt því að ýmislegt bættist við.

Innleiðing á „Jákvæðum aga“ hélt áfram og teljum við að sú stefna hafi litað starfshætti leikskólans og haft jákvæð áhrif á bæði börn og starfsfólk. Innleiðingarteymi, skipað þremur starfsmönnum, hefur haft það hlutverk að halda efninu vakandi og vera með upprifjun reglulega fyrir starfsfólk. Að auki hefur einn starfsmaður úr leikskólanum verið í innleiðingarteymi á Jákvæðum aga þvert á leikskóla á Skólapijónustusvæðinu. Í leikskólastarfinu var að vanda lögð áhersla á umönnun, tengsl og öryggi allra barna. Unnið var að því að börnin væru virkir þátttakendur og hlustað á hvað þau höfðu til málanna að leggja, t.d. með því að halda „barnafundi“. Þetta eru allt þættir sem Jákvæður agi leggur áherslu á.

Á þessu skólaári hófst vinna í samræmi við nýja námsmatshandbók leikskólans, en hún var gefin út í maí 2024. Í handbókinni er tekið fram hvernig skráningum á þroska og framförum barna skuli safna á hverri önn. Vegna aðstæðna í leikskólanum í vetur náðist ekki að vinna að fullu í samræmi við það sem áætlað var. Að sama skapi stóð til að hefja tilraunaverkefni með rafrænar ferilmöppur í Book creator en sú vinna var sett á bið. Í handbókinni er kveðið á um hvernig vinna skuli að mati á því hvernig grunnþáttum menntunar og námssviðum aðalnámsskrár er sinnt í leikskólanum. Það mat fór fram á hverri deild fyrir sig og lauk í janúar. Í samræmi við handbókina var öllu starfsfólki gefið tækifæri til ígrundunar við jafningja og var farið í gegnum sjálfsmatslista. Ígrundunarsamtöl fóru fram í október og fengu allir starfsmenn slíkt samtal.

Unnið var markvisst með Lubba sem er málörvunarefni og kennir íslensku máhljóðin, Blæ sem er vináttuverkefni og forvörn gegn einelti, yoga, Hugarfrelsi og ýmislegt fleira. Reglulega var farið í útikennslu „úti er ævintýri“, unnið var með sköpun á fjölbreyttan máta og elstu börnin spreyttu sig í gróðursetningu. Mikil áhersla hefur verið á að gefa sjálfsprottna leiknum nægan tíma og rými í leikskólastarfinu og höfum við verið að prófa okkur áfram með „Flæði“. Með flæði er átt við að börnin fái tíma og rými til að þróa leikinn sinn og að leikurinn sé ekki háður stundatöflu. Útivera var daglega og markmiðið að farið væri út tvisvar á dag, ef veður leyfði. Tilraunir með flæði í leik á eldri deild gerðu það þó að verkum að börnin fóru sjaldnar út fyrir hádegis.

Í ágúst hófst starf samkvæmt starfsáætlun leikskólans. Lögð var áhersla á útiveru og frjálsan leik og aðlögun nýrra barna hófst á yngstu deild. Á sama tíma var unnið að skipulagi vetrarins og hófst starf samkvæmt stundaskrá í september. Þann mánuð var unnið að þema um fjölskylduna. Í september var einnig mjög vel heppnað haustþing leikskólanna sem skipulagt var af starfsfólki Skólapijónustunnar ásamt fulltrúum frá leikskólunum á skólasvæðinu. Í október var unnið sérstaklega með haustið og stærðfræði og alþjóðlegi bangsadagurinn haldinn hátíðlegur. Í nóvember er dagur íslenskrar tungu og því er árlega unnið með vísur, þulur og íslenska menningu. Þá var einnig árlegt samstarfsverkefni milli leik- og grunnskóla með heimsókn 1. og 2. bekkjar á degi íslenskrar tungu þar sem allir hópar leikskólans tóku þátt og sungu eða fóru með vísu. Til viðbótar komu þessir bekkir í heimsókn og lásu fyrir elstu þrjá árganga leikskólans. Þá var lestrarátak á öllum deildum þar sem lögð var áhersla á þátttöku foreldra og börn skiluðu inn lestrarmiðum. Í desember var komið að undirbúningi jóla, börnin útbjuggu jólagjafir fyrir foreldra sína og föndruðu bæði jólakort og jólapappír. Á þessum tíma

bauð foreldrafélag leikskólans upp á leiksýninguna um hana Grýlu og buðum við 1. og 2. bekk grunnskólans til okkar af því tilefni.

Á nýju ári var komið að því að vinna með veturinn ásamt því að undirbúa þorablót leikskólans. Af því tilefni var áhersla lögð á þjóðlega siði og menningu og börnin æfðu þulur og vísur sem þau fluttu síðan á þorablótinu. Þá komu börn úr 3. og 4. bekk og lásu fyrir þrjá elstu árgangana. Í febrúar var áfram unnið með íslenskuna og haldin bókavika þar sem börnin komu með bækur að heiman og unnið með mismunandi hætti milli deilda. Á elstu deild kynntu börnin bækurnar sínar fyrir hinum börnunum og lukkaðist það mjög vel. Í febrúar fengum við nema í leikskólakennarafræðum til okkar á elstu deildinni. Hún vann þar verkefni tengt inngildingu í leikskólastarfi og vann undir handleiðslu deildarstjóra á elstu deild. Í mars mánuði voru foreldraviðtöl í leikskólanum og dregur þá heldur úr skipulögðu starfi. Engu að síður var unnið með tannvernd, hollustu og almennt heilbrigði þann mánuð. Í aprílmánuði var síðan unnið með mannréttindi, fjölbreytileika og jafnrétti. Þá tókum við einnig þátt í verkefni með Sjöfn Þórarinsdóttur um skapandi söngstundir, en hún fékk styrk frá SASS til þróunar á slíkum söngstundum. Í maí mánuði var áherslan síðan á það sem vorið færir okkur, ræktunarstarf fór í gang á elstu deild og útivera jókst til muna og veðurbliða nýtt til hins ýtrasta.

Enn eru töluverðar áskoranir varðandi styttingu vinnuvikunnar og aukins undirbúningstíma starfsmanna. Um áramótin var ákveðið að allir starfsmenn færu í 36 tíma vinnuviku fyrirkomulag (m.v. fullt starf). Fyrirkomulag varðandi þetta er þannig að starfsmenn halda áfram að vinna sama vinnutíma og áður en nú lokar leikskólinn kl 14 á föstudögum og mismun tíma er safnað í tímatilflutning sem notaður er í kringum jól og í dymbilvikum. Þetta léttir mikið á starfinu og starfsmenn mjög ánægðir með að hafa tök á að fá lengri frí eins og tíðkast í grunnskólanum. Góð sátt er um þetta fyrirkomulag á milli starfsmanna sem kemur sterkt fram í niðurstöðum á starfsmannakönnun. Fyrir foreldra sem vegna vinnu sinnar geta ekki tekið frí fyrir börn sín frá kl 14-16 á föstudögum eða í kringum jól og páska er boðið upp á skráningardaga eða gæslu. Hér á Laugalandi eru þrjár fjölskyldur sem nýta sér föstudagsgæslu en enginn hefur óskað eftir gæslu í kringum jól né í dymbilvikum. Ljóst er að ef ekki hefði verið farið í þessar aðgerðir hefði oftari komið til lokana á deildum og skerðingu á þjónustu.

Áætlað var að taka fjögur snerpu starfsmannasamtöl á skólaárinu en aðeins náðist að taka eitt til tvö við hvern starfsmann. Í samtölum er farið yfir liðan starfsmanna, starfsanda, liðsheild og styrkleika og eitthvað sem starfsmaður vill ræða.

Starfsdagar voru notaðir til fræðslu og funda.

Þann 19. ágúst var fræðsludagur eftir hádegi fyrir starfsfólk Odda og annars starfsfólks sveitarfélaganna. Þar var kynning frá Fræðsluneti Suðurlands, fræðsla um óstöðvandi liðsheild og jákvæða sálfræði. 19. september var hálfur starfsdagur þar sem farið var í upprifjun á TMT (tákn með tali) fyrir alla starfsmenn. Þann 27. september var Haustþing starfsmanna á skólasvæðinu haldið hér á Laugalandi. Þar kynnti skólaþjónustan sig, kynning var á tónlistarkennsluefninu „Tónakistan“ og síðan var fyrirlesturinn „Ég er júník“. Þar á eftir voru málstofur m.a. um jákvæðan aga, flæði í leikskólastarfi, úti eru ævintýri og nýjar áherslur í leik barna. Mánudaginn 18. nóvember fengum við samtökin 78 með sameiginlega fræðslu fyrir bæði leik- og grunnskóla auk þess sem var fundað og starfið undirbúið. Þann 2. janúar var starfsdagur nýttur fyrir deildarfundir og undirbúning vorannar.

Þann 25. febrúar var fyrirlestur sameiginlegur með Heklukoti um lausnarhringinn (Jákvæður agi) og síðan voru haldnir fundir, tekið til og starfið undirbúið. 5. mars var hálfur starfsdagur

sem notaður var til undirbúnings starfsins og foreldrasamtala og að lokum var starfsdagur 25. apríl sem nýttur var til fagfunda, deildarfunda, tiltekt og undirbúning starfsins.

Mat á leikskólastarfi og umbótaáætlun

Í leikskólanum er sífellt verið að meta starfið með fjölbreyttum hætti. Starfsmannasamtöl eru haldin öllu jöfnu þar sem farið er yfir líðan og starf viðkomandi einstaklings, það metið og ákvarðanir varðandi áframhaldandi starf teknar. Síðan eru haldnir deildarstjórafundir, deildarfundir, fagfundir og starfsmannafundir þar sem sífellt er verið að meta og þróa starfið. Einnig eru haldin foreldrasamtöl a.m.k. einu sinni á ári og oftast ef þörf krefur. Gerð hefur verið langtímaáætlun um hvaða þættir eru metnir hverju sinni og verður sú áætlun nú uppfærð í takt við nýja námsmatshandbók.

Innra mats könnun er lögð fyrir starfsfólk, foreldra og börn að vori (apríl-maí) og ef ekki næst 80% ánægja með þá þætti sem spurt er um þá fer það á umbótaáætlun. Sett markmið til umbóta, aðgerðir til umbóta, tímaáætlun, ákveðnir ábyrgðaraðilar, hvernig staðið er að endurmati og viðmið um árangur.

Starfsmannakönnun – úrvinnsla vor 2025

Sjálfsmat var lagt rafrænt fyrir starfsmenn í lok mars og í byjun apríl. Spurningalistinn var sendur á 13 starfsmenn og svöruðu 12 eða 92% starfsmanna. Þættir sem spurt var um að þessu sinni voru: uppeldis- og menntastarf, stjórnun auk spurninga frá umbótaáætlun. Þeir þættir sem ekki ná 80% ánægju eru settir á umbótaáætlun og þarf því í þessari könnun 3 óánægða starfsmenn sem eru ósammála til þess að það sem spurt er um fari á umbótaáætlun.

Öllum starfsmönnum finnst samskipti starfsmanna við börnin á deildunum einkennast af virðingu, jákvæðni og kurteisi og börnum og foreldrum heilsað þegar þau mæta í leikskólann og þau kvödd í lok dags. Þegar spurt var um hvort börnin eigi jákvæð samskipti sín á milli eru flestir sammála því en einn starfsmaður er nokkuð sammála/nokkuð ósammála og segir „bæði og“. Samskipti meðal barna erum við alltaf að skoða og því munum við halda áfram. Öllum starfsmönnum líður vel í vinnunni nema einum og þarf að komast að því hvað veldur því. Allir telja góðan starfsanda ríkja í leikskólanum en einn telur að hann mætti bæta. Allir telja að viðhorf starfsfólks til foreldrasamstarfs einkennist af jákvæðni, virðingu og nærgætni og upplifa foreldra jákvæða í garð leikskólans. Tveir starfsmenn vita ekki hvort þeir upplifi að trúnaður ríki milli foreldra og starfsmanna eða hvort trúnaður ríki innan starfsmannahópsins en allir aðrir upplifa að svo sé. Allir eru stoltir af vinnustaðnum sínum og einnig telja allir að leikskólastjóri leggi rækt við samskipti við starfsfólk í daglegu starfi. Þegar spurt er um hvort deildarstjóri leggi rækt við samskipti við starfsfólk í daglegu starfi telur einn starfsmaður að það vanti reglulega deildarfundir sem létti á daglegu starfi. Einnig er einn starfsmaður ósammála því að deildarfundir nýtist vel þar sem það vanti fundagerðir og ekki nægur tími fyrir bæði hagnýt og fræðandi efni en allir aðrir telja að fundirnir nýtist vel. Flestir starfsmenn telja að deildarstjóri/hópstjóri miðli upplýsingum til starfsmanna úr foreldraviðtölum ásamt upplýsingum um sérþarfir barna, en tveir segjast ekki vita það og segir annar þeirra að það vanti fundagerð eftir fundi til að fyrirbyggja að eitthvað falli á milli laga. Allir starfsmenn nema einn telja að unnið sé eftir skólnámskrá skólans og segir: „lítið farið inn á hana á minni deild“, „Vantar að fara líka yfir starfsáætlun á deildarfundum svo allir séu meðvitaðir“. Þegar spurt er um hvort deildarstjóri komi skilaboðum og breytingum vel til skila eru tveir starfsmenn ekki

sammála því og segir annar: „*það gæti batnað með fundargerð*“ og telur að deildarstjóri mætti vera meira hvetjandi í starfi. Sá starfsmaður telur einnig að deildarstjóri mætti hafa betri yfirsýn yfir málefni deildarinnar. Allir eru sammála því að starfsmannafundur séu gagnlegir en tveir segjast ekki vita það. Allir telja að velferð barnanna sé ávallt höfð að leiðarljósi í starfinu. Einn starfsmaður er ekki sammála því að litið sé á leiki barnanna sem náms- og þroskaleið en aðrir telja að svo sé. Allir telja að að sjálfstæði barnanna sé eflt með því að þau fái að gera hlutina sjálf en einn starfsmaður segir að það mætti bæta. Allir nema einn telur að vinnuaðferðir allra sem starfa með börnunum séu samræmdar. Þegar spurt er hvort efniviður bjóði upp á fjölbreytta leiki og skapandi hugsun telur einn starfsmaður að það sé misjafnt og það vanti aðgengi að ýmsum efnivið. Lang flestir telja að umhverfi á útisvæði hvetji til skapandi leiks og segir einn starfsmaður: „*Við erum heppin með fjölbreytt umhverfi – líka utan girðingar*“. Á meðan annar starfsmaður er ósammála því. Allir telja að börnin læri um undirstöðuatriði heilbrigðis og vellíðunar svo sem næringu, hreyfingu, hreinlæti og hvíld og segir einn starfsmaður: „*Það er ný búið að vinna með þetta efni en mætti vera meira gegnumgangandi í starfinu*“. Allir telja að börnin læri um sjálfbærni og vísindi s.s. árstíðir, dýr, plöntur og vísindi. Einn segir að það sé gert að einhverju leyti og væri hægt að gera betur og sama gildir um þegar að spurt er um hvort börn læra um sköpun og menningu. Alltaf hægt að gera betur. Allir eru sammála því að börnin læra um læsi og samskipti og segir einn starfsmaður: „*framúrskarandi starf undir þessum lið*“. Tveir starfsmenn telja að leiksvæðin séu ekki í lagi og telur einn að það sé hægt að nýta „*Græna teppið*“ mun betur og annar segir: „*það vantar gras, stærri kofa. Fleiri hjól og rólur og meira fyrir þau yngstu*“. Aðrir starfsmenn eru sáttir. Einn starfsmaður er ekki sammála því að nýliðar fái góða aðlögun og tilheyrandi leiðsögn en aðrir telja að þeir fái það. Vegna þeirra breytinga sem gerðar voru á vinnutíðingun um áramótin vegna styttingar vinnuvikunar í 36 virkar vinnustundir var spurt um þær breytingar. Allir sem tóku afstöðu voru ánægðir með þessa breytingu og skrifuðu tveir: „*Gríðarlega ánægð með þessa útfærslu*“ og hinn „*Mjög, mjög, mjög*“.

Þó að ábendingar nái ekki viðmiðum til að vera settar á umbótaáætlun eru allar ábendingar teknar til greina.

Í lok könnunarinnar var textabox ef starfsmenn vildu koma einhverju á framfæri og var skrifað: *Gott starf má alltaf bæta. Takk fyrir.*

Það er búið að vera mikið álag í vetur, fer vonandi batnandi.

Þrátt fyrir miklar áskoranir í starfinu allt frá áramótum er ég í heild mjög ánægð með starfið á minni starfsstöð.

Ég er ánægð með vinnuna mína.

Er mjög ánægð með leikskólann, leikskólastjórnann og deildarstjórnann minn. Er ánægð með hvað starfið er opið og stjórnendur mjög opnir fyrir hugmyndum. Mér finnst ég einnig upplifa að mér sé treyst. Ég upplifi einnig að allir séu tilbúnir að hjálpast að og vinna saman.

Það má ekki gleyma fólki sem vinnur hlutastarf. Þarf að plana og skiptast meira á þegar það eru veikindi eða í frí. Skipuleggja betur hver lokar, skúrar o.fl.

Umbótaáætlun vor 2024 - starfsfólk

Markmið	Leiðir	Tímamörk	Ábyrgðarmaður	Viðmið/Árangur
Gera umhverfi á útisvæði meira hvetjandi til leiks og bæta leiksvæði	Setja fleiri leiktæki á stóra útisvæði. Kofa á stóra svæði þar sem efniviður er aðgengilegur börnunum	Klára Skólaárið 2024-2025	Leikskólastjóri/ eignaumsjón	Innra mat vor 2025 Ekki komið að fullu vor 2025
Markmið	Leiðir	Tímamörk	Ábyrgðarmaður	Viðmið/Árangur
Deildarstjóri eldri deildar hvetji starfsmenn meira á deildinni		Skólaárið 2024-2025	Deildarstjóri/ Leikskólastjóri	Innra mat vor 2025 Komið vor 2025

Umbótaáætlun vor 2025 - starfsfólk

Markmið	Leiðir	Tímamörk	Ábyrgðarmaður	Viðmið/Árangur
Gera umhverfi á útisvæði meira hvetjandi til leiks og bæta leiksvæði	Setja fleiri leiktæki á stóra útisvæði. Kofa á stóra svæði þar sem efniviður er aðgengilegur börnunum	Klára Skólaárið 2025-2026	Leikskólastjóri/ eignaumsjón	Innra mat vor 2026
Markmið	Leiðir	Tímamörk	Ábyrgðarmaður	Viðmið/Árangur
Deildarstjórar komi upplýsingum til starfsmanna	Skilvirkari deildarfundir með skriflegum fundargerðum	Skólaárið 2025-2026	Deildarstjórar/ Leikskólastjóri	Innra mat vor 2026

Foreldrakönnun - úrvinnsla vor 2025

Sjálfsmat var lagt rafrænt fyrir foreldra 41 barna í apríl. Sent var á 73 netföng og svöruðu 29 eða um rétt tæp 40%. Þættir sem spurt var um að þessu sinni voru: Uppeldis- og menntastarf, leikskólabrag, stjórnun auk auk spurninga frá umbótaáætlun frá síðaliðnu vori. Þeir þættir sem ekki ná 80% ánægju fara á umbótaáætlun og þarf í þessari könnun 5,6 foreldra sem eru ósammála til þess að það sem spurt er um fari á umbótaáætlun. Við hverja spurningu var síðan hægt að skrifa texta til að útskýra nánar svar ef þurfti

Allir foreldrar eru sammála því að vel sé tekið á móti börnum þeirra þegar þau koma í leikskólann og allir nema tveir foreldrar á yngstu deild telja að börnin séu kvödd hlýlega í dagslok. Allir eru sammála því að börnin þeirra séu ánægð í leikskólanum. Einnig telja allir að foreldrar séu velkomnir í leikskólann og eru ánægðir með samskipti starfsfólks við börnin sín en eitt foreldri telur að það sé stundum gefið of mikið val. Þegar spurt er hvort foreldrum finnist námið sem börnin fá í leikskólanum samræmist væntingum þeirra telja allir að svo sé en tveir

vita það ekki. Foreldrum finnst að starfsfólk bregðist við ábendingum eða beiðnum en fjórir telja sig ekki vita það. Allir telja sig fá upplýsingar varðandi líðan barnsins í leikskólanum en tveir segjast ekki vita það. Öllum foreldrum finnst mikilvægt að leikskólinn fái upplýsingar um breytingar á högum/líðan barna sinna. Þrír foreldrar eru ósammála því að upplýsingastreymi frá leikskólanum sé gott og segir eitt foreldri frá Ásum: „*Finnst að það hefði mátt veita betri upplýsingar um það til dæmis þegar börnin byrjuðu að borða upp í matsalnum. Það var rætt um gildi þess í foreldraviðtölunum en við foreldrarnir höfðum til dæmis ekki fengið neinar upplýsingar um að það væri ætlunin að þau myndu borða morgunmatinn uppi.*” Allir foreldrar nema eitt á elstu deild telja að þeir séu látnir vita ef eitthvað kemur upp á varðandi barnið á leikskólatíma. Allir foreldrar telja sig eiga góð samskipti við deildarstjóra og annað starfsfólk leikskólans og allir nema eitt foreldri á elstu deild telja sig eiga góð samskipti við leikskólastjóra. Fjórir foreldrar eru ekki ánægðir með kynningu á nýju fólki. Tveir foreldrar telja foreldraviðtöl ekki mikilvæg en allir hinir telja að svo sé og segir einn: „*viðtöl mættu vera tvisvar á ári*“. Tveir foreldrar telja foreldrafund að hausti ekki mikilvægt. Allir voru ánægðir með síðasta foreldraviðtöl. Öllum foreldrum finnst starfsfólk koma til móts við umönnunarþarfir barna sinna. Allir foreldrar nema tveir eru ánægðir með matseðil skólans. Segir einn: „*Mætti gjarnan vera boðið upp á auka grænmeti með matnum sem barn gæti þá borðað sig satt af ef það er almennt ekki hrifið af aðalréttinum*“ Og annar segir: „*Það væri gaman að sjá/vita hvort einhver áhersla sé lögð á lífrænt ræktuð matvæli – set t.a.m. spurningamerki með cheerios og kornflex :)* „

Allir eru ánægðir með þær samskipta- og hegðunarreglur sem notaðar eru í leikskólanum en fjórir vita það ekki. Allir nema eitt foreldri á yngstu deildinni telja sig fá tækifæri til að ræða við starfsfólk leikskólans um hvernig við vinnum saman að uppeldi barna þeirra en fjórir telja sig ekki vita það. Foreldrar eru sammála um að námsefni leikskólans sé við hæfi barna þeirra. Allir nema tveir eru sáttir við húsnæði leikskólans og einn er ósáttur við leikaðstöðu innandyra. Sex foreldrar eru óánægðir með leikaðstöðu utandyra. Fimm foreldrar frá Ásum og einn frá Holtum. Einn þeirra segir: „*myndi endilega vilja hafa grasblett á aðalleiksvæðinu og fínna sand í sandkassanum. Einnig ungbarnarólu*“. Annar segir: „*væri gott að það væri ekki bara sandur, eitthvað annað undirlag*“. Þetta þarf að skoða betur og setja á umbótaáætlun. Þegar spurt er hvort foreldrar telji umferðaröryggi gott við skólann, eru fjórir ekki sammála því og tveir vita það ekki. Allir foreldrar eru ánægðir með stjórnun deildanna og telja að auðvelt sé að ná sambandi við deildarstóra. Allir foreldrar eru ánægðir með stjórnun leikskólans og telja auðvelt að ná sambandi við leikskólastjóra. Einn er þó nokkuð ósammála því að auðvelt sé að ná í hann. Allir sem taka afstöðu telja samvinnu leik- og grunnskóla góða. Allir telja að dagskipulag deildanna sé gott en eitt foreldri á elstu deild bendir á að það mætti vera meiri útivera á morgnana, sérstaklega þegar veður er gott. Allir foreldrar hafa kynnt sér skóladagatal leikskólans og 73% hafa kynnt sér skólanámskrá skólans. Foreldrum finnst skólanámskrá vera skýr og greinargóð en 11 foreldrar vita það ekki.

Þó að ábendingar nái ekki viðmiðum til að vera settar á umbótaáætlun eru allar ábendingar teknar til greina.

Í lokin var foreldrum boðið upp á að skrifa í textabox. Þar voru foreldrar hvattir til að tjá sig um eitthvað sem mætti betur fara eða eitthvað sem þeir vilja koma á framfæri. Eftirfarandi var komið á framfæri:

Foreldrar Landi

„Mjög gott upplýsingaflæði frá deild hvað er að gerast og margar myndir sem er mjög gaman“

„Takk fyrir gott samstarf“

„Virtilega faglegt og flott starf. Stoltur af leikskólanum okkar.“

„Mjög ánægð með fjölbreytnina í starfinu, einnig með allar vísurnar og lögin sem börnin hafa verið að læra og að börnunum sé gefið val í hvíldinni. Er líka mjög ánægð með úti er ævintýri.“

„Ánægð með hvað henni líður vel í leikskólanum og kemur heim með skemmtilegar sögur af deginum sínum“

„Takk fyrir okkur“

„Mjög ánægð með faglegt starf“

Foreldrar Ása

„Mjög lítið af upplýsingum og myndum hvað er að gerast á deildinni“

„Takk fyrir samstarfið“

„Sérstaklega ánægði með frábæra leikaðstöðu inni og úti. Ánægð með reglurnar um aukafötin sem settar voru á haust. Einstaklega ánægð með deildarstjórann H. og samstarf þeirra E.G. Og E.H. Við erum mjög ánægð með leikskólastjórann.“

„Almennt ánægð með leikskólann“

„Frábært starfsfólk“

„Að fá fleiri pósta og myndir heim væri mjög gaman! „

„Mjög ánægð“

„Mitt barn er almennt mjög ánægt í leikskólanum. Mér finnst ábótavant að klára merkingar á bílaplani og hafa umferðarviku til að minna á að vera í belti, ganga fyrir framan bíla en ekki fyrir aftan og ganga á gangsstétt, ekki þvera skólabíla o.sfrv.“

Foreldrar Holtum

„Almennt mikil ánægja með starfsfólk og starfsemi leikskólans“

„Frábærir leikskólakennarar, mætti kveðja börnin meira greinilega í lok dags. „

„Matseðillinn búinn að batna mikið en stundum of mikið unninn matur.“

„Barnið mitt fær að njóta sín í leikskólanum“

„Barn fer alla jafna glatt í leikskóla og kemur glatt heim.“

„Þið eruð frábær“

Umbótaáætlun vor 2024 – foreldrar



<i>Markmið</i>	<i>Leiðir</i>	<i>Tímamörk</i>	<i>Ábyrgðarmaður</i>	<i>Viðmið/Árangur</i>
Gera umhverfi á útisvæði meira hvetjandi til leiks og bæta leiksvæði	Setja fleiri leiktæki á stóra útisvæði. Kofa á stóra svæði þar sem efniviður er aðgengilegur börnunum	Skólaárið 2024-2025	Leikskólastjóri/eignaumsjón	Innra mat vor 2025 Ekki komið vor 2025
Bæta matseðil leikskólans	Stjórnendur þurfa að skoða næringu og samsetningu matseðils	Skólaárið 2024-2025	Yfirmaður mótuneytis grunnskólans	Innra mat vor 2025 Komið vor 2025
Bæta húsnæði sem tilheyrir leikskólanum	Skipuleggja og þróa húsnæði	Skólaárin 2024-2026	Eignaumsjón	Innra mat vor 2026 Komið vor 2025
Bæta umferðaröyggi við leikskólann	Bæta lýsingu og merkingar við bílastæði	Skólaárið 2024-2025	Eignaumsjón	Innra mat 2025 Komið vor 2025

Umbótaáætlun vor 2025 – foreldrar

<i>Markmið</i>	<i>Leiðir</i>	<i>Tímamörk</i>	<i>Ábyrgðarmaður</i>	<i>Viðmið/Árangur</i>
Gera umhverfi á útisvæði meira hvetjandi til leiks og bæta leiksvæði	Setja fleiri leiktæki á stóra útisvæði. Kofa á stóra svæði þar sem efniviður er aðgengilegur börnunum	Skólaárið 2025-2026	Leikskólastjóri/eignaumsjón	Innra mat vor 2026

Sjálfsmat – Blái og Rauði hópur - elstu tveir árgangar leikskólans

Elstu tveir árgangar (Rauði - börn fædd 2020 og Blái - börn fædd 2019) voru spurðir hvernig þeim liði í hinum ýmsu stundum í leikskólanum. Börnin gátu valið að merkja við einn broskall en þrír mismunandi „broskallar“ voru í boði. Með brosandi munn, flatan munn, eða leiðan. Svör barnanna voru sett upp í súlurit. Þegar börn völdu ekki brosandi kall voru þau spurð hvers vegna stundin væri ekki áhugaverð og kom þá í ljós að það voru helst stundir þar sem þau þurfa að sitja og hlusta og kvörtuðu þau um stífar reglur og að fá ekki að tala. Sumum börnum þótti einnig erfitt í útiveru vegna þess að það væri stundum vont veður og að þeim verði kalt.



Börnin í Rauða og Bláa hóp voru síðan spurð að eftirfarandi spurningum:

- Hvað þeim þætti skemmtilegast í leikskólanum
- Hvort eitthvað væri erfitt eða leiðinlegt
- Hver uppáhaldsmaturinn þeirra væri

Það sem flest börn sögðu að væri skemmtilegast í leikskólanum var að leika sér. Þau nefndu playmo, bílabraut, legó og traktora og nokkrum þykir skemmtilegast að leika frjálst í íþróttasalnum. Þau nefndu líka að fara í hvíld, horfa á bíómynd, perla, fara í skólaheimsóknir

og í tónlistartíma. Þegar börnin voru spurð hvað þeim þætti erfitt eða leiðinlegt í leikskólanum nefndu nokkur að það væri erfitt að sitja kyrr. Einu barni fannst erfitt á morgunfundum og öðru barni fannst erfitt að fylgja sumum reglum í leikskólanum. Einu barni fannst leiðinlegt þegar börnin væru að öskra á hvert annað og þegar þau væru ekki sammála. Tveimur börnum fannst erfitt að púsla erfið púsl og eitt barn nefndi að það væri erfitt að gera fugl.

Þegar spurt var um uppáhalds mat í leikskólanum nefndu flest grjónaðgraut og þar á eftir kom pizza og lasagna. Fleira sem var talið upp var skyr, fiskur, plockfiskur, steiktur fiskur, pasta, hamborgari, hakk og spagettí, snitsel og kjúklingur.

Farið verður yfir þessar niðurstöður með starfsmönnum og foreldraráði og rætt hvernig við getum gert gott starf enn betra.

Starfsfólk

Þann 1. maí starfa við skólann 17 starfsmenn með leikskólastjóra, einn er einnig í tímavinnu á mánudögum og föstudögum og tveir í ræstingu. Stöðugildi þeirra sem vinna á deildum eru samtals 11,5 og eru þá mismunandi langtímaleyfi ekki tekin með hverju sinni.

Stjórnun er eitt stöðugildi og tók einn deildarstjóri að sér að vera umsjónarmaður sérkennslu í fæðingarorlofi sérkennslustjóra og er hann einnig staðgengill leikskólastjóra þetta skólaár. Samtals voru stöðugildi því 12,5 auk ræstingar sem teljast hálft stöðugildi.

Auk leikskólastjóra eru þrír fagmenntaðir leikskólakennarar við skólann í samtals 2,76 stöðugildum og með leikskólastjóra eru það 3,76 stöðugildi sem er þá um 30 %.

Fjórir aðrir starfsmenn eru háskólamenntaðir. Einn er uppeldis- og menntunarfræðingur, annar er með B.ed. í leikskólafræðum, þriðji er með erlent háskólapróf í viðskiptum og félagsvísindum og sá fjórði er iðjuþjálfari og eru þeir í samtals um 3 stöðugildum. Tveir starfsmenn eru í mastersnámi í kennslufræðum, 5 erlendir starfsmenn vinna við leikskólann frá fimm mismunandi löndum.

Áætluð starfsmannabörf næsta vetur á deildunum miðað við þær upplýsingar sem við höfum núna með samsetningu barnahópsins og barnafjölda er svipuð og núna eða um 13 stöðugildi og mun þá einnig bætast við aðstoðarleikskólastjóri og einnig þarf að bæta við ræstingu á þriðju deildina.

Lítið var um endurmenntun á sl. skólaári þar sem erfitt var að fara frá vegna mikillar manneklu á köflum. Einn starfsmaður fór á námskeið fyrir starfsfólk leikskóla á vegum Skólaþjónustunnar. Allir starfsmenn fóru á Haustþing sem haldið var á hér á Laugalandi en þar voru fjölbreyttir fyrirlestrar. Þá fór einn starfsmaður á tveggja daga námskeið um jákvæðan aga í maí.

Starfsumhverfi

Starfsumhverfi leikskólans er enn ekki eins og best er á kosið eins og kom fram í ytra mati vorið 2021 en vinna við að skipuleggja endurbættan leikskóla er hafin og var þriðja deildin opnuð á vorönn þó framkvæmdum væru ekki að fullu lokið við hana en áætlað er að þeim ljúki nú í sumar. Þar vantar m.a. alla salernisaðstöðu og innréttingar. Tímum fyrir leikskólabörn í

Íþróttasal skólans hafa farið fækkandi síðastliðin ár og væri gott ef hægt væri að skipta salnum með tjaldi til að salurinn myndi nýttast betur bæði grunn- og leikskóla. Nær engar framkvæmdir hafa orðið á útisvæðum. Enn vantar líka geymslukofa á útisvæðið. Þetta er eitthvað sem huga þarf að á komandi skólaári og er m.a. á umbótaáætlun.

Barnahópurinn

Þann 1. maí voru 42 nemendur við skólann á þremur deildum. 17 börn voru á elstu deildinni (Landi), 13 á miðdeildinni (Ásum) og 12 á yngstu deildinni (Holtum). Lang flestir nemendur eru íslenskir en 4 börn eru tvítyngd. Öll tvítyngd börn eiga annað foreldri íslenskt. Fimm börn hafa notið sérstaks stuðnings á skólaárinu.

Árgangur	Stelpur	Strákar	Samtals
2019	4	6	10
2020	3	4	7
2021	4	9	13
2022	4	2	6
2023	1	1	2
2024	2	2	4
	18	24	42

Óskað hefur verið eftir vistun fyrir 10 ný börn á næsta skólaári (upplýsingar í maí 2025) og fara 10 frá okkur í grunnskóla.

Foreldraráð

Fjórir fulltrúar foreldra skipa foreldraráð/foreldrafélag (Hans og Gréta) leikskólans á Laugalandi. Kosið er í foreldraráð á aðalfundi foreldrafélagsins í september ár hvert. Foreldraráð starfar samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008. Hlutverk foreldraráðs er:

- Að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2 mgr. 5. gr. um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. (fylgiskjal 1)
- Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum.
- Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar á leikskólastarfi. Foreldrar barna á Leikskólanum Laugalandi geta leitað beint til foreldraráðsins ef málefni eru þess eðlis að foreldrar vilja ekki leita til leikskólans beint. Foreldraráðið metur hvert tilfelli fyrir sig og ákveður, á fundi, framhald málsins, hvort það sé þilkynnt leikskólastjóra leikskólans eða hvort nauðsyn þykir að hafa samband við Odda bs. Foreldraráð starfar sjálfstætt og heldur fundi eins og fulltrúar ráðsins telja þörfina vera en vinna samt sem áður í góðri samvinnu við leikskólastjóra.

Áherslur í starfi leikskólans skólaárið 2025-2026

Helstu áherslur í starfi leikskólans næsta skólaár verða í meginatriðum svipaðar þeim sem verið hafa síðastliðin ár. Áfram verður haldið með innleiðingu á jákvæðum aga, en það verkfæri hefur reynst afar vel í allri vinnu í leikskólanum. Þá stefnir leikskólinn að því að verða Heilsuefandi leikskóli og verður unnið skipulega að þeirri vinnu á komandi misserum.

Hreyfing og útivera er mikilvægur þáttur í starfi leikskólans. Um árabíl hafa verið farnar ferðir sem nefnast „úti er ævintýri“, þar sem börnin fá ríkulegt frelsi til leiks í náttúrunni sem umlykur leikskólann. Í samfélagi nútímans er enn mikilvægara en áður að leggja áherslu á tengingu við náttúruna og okkar nánasta umhverfi. Inn í þessar ferðir fléttast svo umfjöllun um sjálfbærni og náttúruvernd og börnin fá tækifæri til að fylgjast með náttúrunni vakna að vori, fara í dvala að hausti og allt þar á milli. Þennan þátt í starfinu er mögulegt að efla enn frekar og munum við vinna að því í tengslum við Heilsuefandi leikskóla. Þá er unnið að ræktunarstarfi innan leikskólans og mun það eflast verulega með tilkomu nýrrar útikennslustofu, sem verður keypt fyrir gjafafé frá kvenfélögunum Einingu og Lóu í sumar.

Íþróttir eru síðan einnig kenndar samkvæmt stundaskrá einu sinni í viku og hafa þá allar deildir haft tækifæri til að vera með skipulagðar hreyfistundir í íþróttasal. Þá hefur elstu tveimur árgöngum verið boðið upp á sundtíma vikulega undir handleiðslu sundkennara frá grunnskólanum. Þessu starfi verður haldið áfram á komandi vetri, að því gefnu að tímar fáiast í íþróttasal og að sundkennari grunnskóla geti sinnt sundkennslu.

Leikskólinn hefur lagt áherslu á læsishvetjandi umhverfi og unnið faglega að eflingu þeirra þátta sem byggja undir farsælt lestrarnám. Með markvissri málörvun á öllum aldurs skeiðum og snemmtækri íhlutun hjá þeim börnum sem glíma við seinkun í málþroska er það markmið okkar að öll börn nái góðum árangri hvað málþroska varðar. Á þessu skólaári verður einnig unnið að endurskoðun læsistefnu leikskólans og verður hún unnin í samstarfi við Laugalandsskóla. Söngur og tónlist er mikilvæg undirstaða málörvunar og unnið með þá þætti á öllum deildum. Í samstarfi við Tónlistarskóla Rangæinga verður síðan boðið upp á skipulagðar tónlistarstundir vikulega.

Áfram verður unnið að því að efla vinnu með hugtök tengd stærðfræði á öllum deildum. Á síðasta ári fjárfesti leikskólinn í MIO, sem er skimunarefni tengt stærðfræði, og hófst notkun þess síðastliðinn vetur. Matið nær til þriggja megin sviða stærðfræðinnar sem eru þrautalausnir, rúmfræði og talning og fjöldi.

Síðastliðinn vetur var gerð tilraun með „flæði“ í leik á elstu deild leikskólans. Niðurstöður sjálfs mats sýna ótvírætt að ánægja er meðal barnanna með frjálsa leikinn og því fyrirséð að því starfi verður haldið áfram.

Innan leikskólans er rík áhersla lögð á gott samstarf við foreldra. Haldinn er foreldrafundur í upphafi skólaárs þar sem foreldrar fá kynningu á starfi skólaársins. Þá er boðið upp á foreldraviðtöl í mars en auk þess eru starfsmenn ávallt reiðubúnir til samtals við foreldra. Innan leikskólans starfa sérfræðingar í uppeldi og þroska leikskólabarna og vel mætti nýta þann mannauð frekar í stuðningi við foreldra í uppeldishlutverkinu. Í samræmi við áherslur um farsæld barna ætti það að vera áhersluatriði innan leikskólans að veita snemmtækan stuðning þeim foreldrum sem helst þurfa.

Áfram verður unnið að eflingu samstarfs milli skólastiga á Laugalandi. Samstarfsnefnd var stofnuð síðastliðið haust og voru fundir haldnir reglulega yfir skólaárið. Samstarf skólanna hefur verið farsælt um langa hríð og mikilvægt að hlúa áfram að því og efla enn frekar.

Mikilvægt er að efla samvinnu starfsmanna hér innanhúss enn frekar. Stjórnendafundur verða vikulega, þar sem allir stjórnendur leikskólans koma saman til að ræða faglegt starf deildanna og skólans í heild. Fagfundir verða haldnir tvisvar í mánuði þar sem allir faglærðir starfsmenn ásamt stjórnendum munu eiga samtalið um faglegt starf og nýjungar kynntar. Deildarfundir verða haldnir tvisvar í mánuði en þeir eru mikilvæg undirstaða farsællar samvinnu innan hversrar deildar.

Í samræmi við námsmatshandbók munum við halda áfram með ígrundunarsamtöl starfsmanna, þar sem allir starfsmenn fá að velja faglærðan starfsmann til að ræða við um þann sjálfsmatslista sem er til umræðu hverju sinni.

Starfsáætlun 2025-2026

Hérna kemur starfsáætlun fyrir starf leikskólans næstkomandi skólaár 2025-2026 en hún er einskonar leiðarvísir fyrir komandi starf. Tilgangurinn er m.a. að gera skólaþróun leikskólans markvissa og sýna að skólinn vinni að grunnþáttum menntunar. Einnig að það sé gert ráð fyrir mati á starfinu sem á að vera umbótamiðað. Starfsáætlun sýnir starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig áætlað er að starfið muni verða og hafa starfsmenn og foreldrar komið að vinnu við þessa áætlun og sama gildir um leikskóladagatal. (Fylgiskjal 2).

Júlí Sumarlokun fimm vikur.

Ágúst Áhersla á útiveru og frjálsan leik. Unnið að skipulagi vetrarins og aðlögun nýrra barna hefst. Einstaklingsáætlanir yfirfarnar og skipulag sérkennslu sett upp. Menntadagur Odda 22. ágúst. Farið yfir starfsáætlun og áhersluatriði vetrarins á starfsmannafundi. Fyrsti samráðsfundur með grunnskóla til að skipuleggja samstarf vetrarins. Tónlistarskóli fyrir börn fædd 2020 hefst.

September Starf í samræmi við stundaskrá hefst. Unnið með nánasta umhverfi barnsins, fjölskyldu, heimili, gæludýr osfrv. Haustþing FL og FSL 26. september. Áætlaður foreldrafundur og aðalfundur foreldraráðs. Dagur íslenskrar náttúru 16. september. Skólaheimsóknir elstu barna hefjast. Hljómpróf lögð fyrir elsta árganginn. Námsmat í samræmi við námsmatshandbók leikskólans hefst á öllum deildum. Farið yfir áfalla- og rýmingaráætlun með starfsfólki, einelti og jafnrétti. Einnig er starfsmönnum kynntar verklagsreglur varðandi tilkynningarskyldu við barnaverndaryfirvöld. Starfsmannasamtöl þar sem rætt er um væntingar starfsmanna til nýs leikskólastjóra og eigin starfs.

Október Unnið með náttúruna og haustið og með þætti tengda stærðfræði. Bangsadagur 27. október. Halloween 31. október. Starfsdagur 10. október. Ígrundunarsamtöl starfsfólks út frá sjálfsmatslista hefjast.

Nóvember	Unnið með þulur og ljóð og áhersla lögð á læsi. Starfsdagur 11. nóvember þar sem farið verður á skyndihjálparnámskeið. Dagur íslenskrar tungu 16. nóvember og sameiginleg dagskrá með 1. og 2. bekk. Bókavika hefst. 17. nóvember. Jólaundirbúningur hefst. Grýluleikrit í boði foreldrafélags. Starfsfólk fyllir út tengslakönnun.
Desember	Áhersla lögð á rólegan undirbúning jóla, piparkökubakstur og foreldrakaffi. Jólabbal haldið í leikskólanum og generalprufa fyrir jólasýningu grunnskólans. Skráningardagar í kringum jól. Starfsmannasamtöl þar sem rætt verður um starf haustsins og líðan starfsmanna. Foreldrafélag býður til samveru tengt jólahátíðinni.
Janúar	Áhersla lögð á þjóðlega íslenska siði, þulur og íslenskar vísur. Þorablót verður á bóndadaginn 23. janúar, börnin æfa skemmtiatriði og boðið verður upp á harmonikkuleik og dans. Vetrarmyrkrið notað til skapandi starfs með ljós og skugga. Starfsdagur 2. janúar nýttur til fræðslu, funda og undirbúnings á starfi vorannar. Mot-hreyfiproskapróf lagt fyrir börn fædd 2020 og 2021. Hljómpróf lagt aftur fyrir þau börn sem komu slök út í prófun í september (ef einhver eru). Mat á líðan barna – vinakönnun.
Febrúar	Unnið með sögugerð og ljóð. Dagur leikskólans haldinn hátíðlegur og ömmum og öfum boðið í kaffi 5. febrúar. Unnið að þema í samráði við börnin í kringum Dag leikskólans. Læsisátak hefst 9. febrúar. Bolludagur, sprengidagur og öskudagur. Starfsdagur 12-16 á öskudag 18. febrúar. Glitrandi dagur 27. febrúar.
Mars	Tannverndarvika og unnið með næringu, hollustu og heilsu. Áhersla lögð á fjölbreytt páskaferðir. Foreldrasamtöl. Starfsdagur 20. mars. Skráningardagar í dymbilviku
Apríl	Unnið með jafnrétti, mannréttindi og fjölbreytileika. Ræktunarstarf hefst og fræjum sáð. Starfsmannasamtöl þar sem rætt er um starf vetrarins og líðan starfsmanns. Skráningardagur 1. apríl. Starfsdagur 24. apríl. Innra mat lagt fyrir starfsmenn, foreldra og börn.
Mái	Unnið með vorið, náttúruna og umhverfisvernd. Vorskóli elstu barna og útskriftarferð. Vorhátíð, útskrift og haldið upp á 30 ára afmæli leikskólans. Samstarf við nærumhverfi um skoðunarferðir. Úrvinnsla kannana og ársskýrslugerð.
Júní	Áhersla á útiveru og frjálsan leik. Farið í vettvangsheimsóknir í næsta nágrenni leikskólans. Gróðursett tré í Ásabrekkuskógi með Skógræktarfélagi Rangæinga. Hjóladaður. Sumarlokun í fimm vikur frá og með 29. júní.

Þetta er, eins og fram kemur í inngangi kaflans, áætlun til að ramma starfið inn og gæta þess að unnið sé markvisst eftir aðalnámskrá leikskóla. Einstaka liðir geta breyst vegna aðstæðna og einnig er hlustað á börnin, þau höfð með í ráðum og þeirra hugmyndir og óskir teknar til greina við skipulagningu starfsins.

Fylgiskjöl

1. Umsögn foreldrafélagsins
2. Skóladagtal fyrir skólaárið 2024-2025

Laugalandi 15. maí 2025

Sigrún Björk Benediksdóttir
Leikskólastjóri

